

Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

LYFJ2LS05

Kennari	Sigríður Rós Jónatansdóttir, Sigridur.jonatansdottir@fss.is	
Viðtalstími	Miðvikudagar 14:20-15:00	
Námsefni	Lyfjafræði – LYFJ2LS05, 15.útg. 2024, eftir Bryndís Þ. Bjarman.	
Áfangalýsing	Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðsjúkdómum, geðsjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum og sykursýki. Auk þess er fjallað um sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfjanna, aukaverkanir, milliverkanir o.fl.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Þessi áfangi er símatsáfangi. Til þess að nemandinn teljist hafa lokið áfanganum þarf hann að uppfylla eftirtalin skilyrði: Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Að vetrareinkunn sé 7,5 eða hærri og að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	10%
	2 Kaflapróf	60%
	Ýmis verkefni	10%
	4 Innupróf	20%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Bekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • uppbyggingu sérlyfjaskrár • ATC-flokkunarkerfi lyfja • ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum • hugtökum sem notuð eru varðandi frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja • helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum • áhrifum hjarta- og æðasjúkdómalyfja, geðlyfja, verkjalyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja og sykursýkislyfja • helstu flokkum og áhrifum sýklalyfja, meltingarfæralyfja og lyfja við Alzheimer sjúkdómi • helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja • blóðþéttnikúrfum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • leita að upplýsingum um lyf á netinu flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu • reikna út helmingunartíma lyfja • aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á • átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra • sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	töflugerð	
2. vika 25. – 29. ágúst	Kynning á lyfhrifafræði	
3. vika 1. – 5. september	Lyfjaform, Upptaka frásog og niðurbrot lyfja	
4. vika 8. – 12. september	Öndunarfæralyf	
5. vika 15. - 19. september	Verkjalyf	
6. vika 22. - 26. september	Verkjalyf	
7. vika 29. sept. - 3. október	Tauga-og geðlyf	
8. vika 6. - 10. október	Hjarta og æðasjúkdómalyf	
9. vika 13. - 17. október Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.	Hjarta og æðasjúkdómalyf	
10. vika 20. - 24. október Vetrarleyfi 20. okt.	Sýklalyf	
11. vika 27- 31. október	Tauga og geðlyf	
12. vika 3. - 7. nóvember	Tauga og geðlyf	
13. vika 10. - 14. nóvember	Heimsókn/eða gesta heimsókn	
14. vika 17. - 21. nóvember	Maga og þarmalyf	
15. vika 24. - 28. nóvember Dimissio 28. nóv.	Maga og þarmalyf	
16. vika 1. - 8. desember Stoðdagur mánudaginn 8. des.	Yfirferð og stoð	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigríður Rós Jónatansdóttir